



Fjölís

**SKÝRSLA STJÓRNAR –
GAGNSÆISSKÝRSLA 2022 -2023**

YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2022-MAÍ 2023 OG STJÓRNARHÆTTI, STEFNUR OG FYRIRKOMULAG REKSTRAR

Á aðalfundi Fjölís þann 12. maí 2022 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

Aðalstjórn (stjórnarmenn eru jafnframt varamenn fulltrúaráðs) er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs
Jón Yngvi Jóhannsson, f.h. Hagþenkis
Sindri Freysson, f.h. RSÍ
Páll Ragnar Pálsson, f.h. STEF
Hjálmar Jónsson, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

Fulltrúaráð skv. tilnefningu aðildarsamtaka sem allir eru varamenn í stjórn, eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, f.h. Myndstefs
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis
Ragnheiður Tryggvadóttir, f.h. RSÍ
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Framkvæmdastjóri er Helga Sigrún Harðardóttir.
Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Stjórnarhættir.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd réttihafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Heimild Fjölís sem sameiginleg umsýslustofnun með höfundarétt er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972, samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra og lögum um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019.

Stjórnarhættir Fjölís eru þannig að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra aðildarfélaga. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur félagsins í samráði við og undir effirliti stjórnarformanns og skv. samþykktum félagsins. Stjórnarfundir eru haldnir skv. ákvörðun stjórnar, oftast skv. tillögu framkvæmdastjóra.

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli félagsins og framkvæmdastjóra, sem stjórnanda og eina starfsmanns félagsins, eða stjórnarformanns, sem tekur þátt í samningagerð og fer með effirlit með rekstri félagsins, enda hafa þeir ekki fengið réttiindagreiðslur frá félaginu né réttthafar þeim tengdir.

Samningar og meðferð fjármuna.

Fjölís veitir samningskvaðaleyfi skv. skriflegum samningum, innheimtir tekjur vegna þeirra og úthlutar aðildarsamtökum sínum að frádregnum 12% til hefðbundins rekstrar, s.s. launakostnaðar, skrifstofurekstrar, fundahalda, viðhalds á heimasíðu o.þ.h. Það er í samræmi við almenna stefnu

um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar en stefnuna má finna á vef félagsins. Framkvæmdastjóra er heimilt að gera tillögur til stjórnar um breytingar á ofangreindu hlutfalli, ef aðstæður krefjast/leyfa. Ekki er um annars konar frádrátt frá tekjum að ræða, s.s. vegna félagslegrar, menningartengdrar eða menntunartengdrar þjónustu. Enginn annar rekstur er á vegum félagsins og engar aðrar einingar tengjast rekstri þess. Í árslok, þegar fyrir liggur rekstrarkostnaður ársins er umframfjármunum, séu þeir fyrir hendi, úthlutað til aðildarfélaganna með viðbótarúthlutun.

Þar sem fjármunum er úthlutað án tafar er ekki um neins konar fjárfestingar að ræða eða arð af þeim fjárfestingum. Ekki hefur því verið sett fjárfestingarstefna og þá er ekki um neinar óráðstafanlegar fjárhæðir að ræða í því kollektífa kerfi sem Fjölís hefur verið búíð.

Skv. umsýslulögum ber sameiginlegri umsýslustofnun að setja sér áhættustýringarstefnu vegna meðferðar fjármuna. Fyrirkomulagið á rekstri Fjölís felur þó ekki í sér neins konar áhættu við fjárfestingar þar sem þær eru ekki fyrir hendi. Öllum fjármunum, að rekstrargjöldum frátöldum er úthlutað til aðildarfélaganna án tafar. Áhættan er einkum rekstraráhætta, þ.e. vegna möguleika á uppsögn samninga. Samningar félagsins endurnýja sig allir sjálfkrafa, sé þeim ekki sagt upp, að samningum við ríkið frátöldum. Það hefur vissulega krafist talsverðrar vinnu að endurnýja þá samninga og dæmi um að verulegar tafir hafi orðið á endurnýjun þeirra vegna tregðu af hálfu ríkisins og þar með hafa greiðslur einnig tafist. Það er þó ekkert sem bendir til þess að eiginleg áhætta sé fyrir hendi enda er það kerfi, sem sameiginlegri umsýslu höfundaréttar er búíð, tryggt, gagnsætt og í samræmi við það regluverk sem réttihöfum er búíð víðast hvar í heiminum.

Fjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur, endurskoðaður af KPMG, er hluti af þessari skýrslu.

Skv. ákvörðun stjórnar Fjölís og vegna eðlis hins kollektífa fyrirkomulags sem Fjölís er búíð, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til réttihafa sjálfra, heldur renna fjármunir til aðildarfélaganna sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar. Með viðurkenningu Fjölís verða gerðar auknar gagnsæiskröfur til aðildarsamtakanna skv. 23. gr. umsýslulaganna og mun félagið birta gagnsæisskýrslur þeirra á vef sínum til framtíðar.

Í þessari gagnsæisskýrslu sem rituð er til að uppfylla kröfur 23. og 24. gr. umsýslulaganna nr. 88/2019 má finna fjárhagsupplýsingar þær sem ber að birta skv. viðauka laganna auk endurskoðaðs ársreiknings sem samþykktur hefur verið á aðalfundi félagsins ásamt þessari skýrslu.

Hér eru tekjur sundurliðaðar effir tegundum samninga og grein gerð fyrir fjárhæðum til úthlutunar til einstakra aðildarfélaganna og systursamtaka auk dagsetninga. Hér eru gjöld einnig sundurliðuð effir tegundum útgjalda, rekstrarkostnaður sundurliðaður sérstaklega, sem og samanburður við síðasta ár.

Í kafla 1 má finna upplýsingar um helstu viðfangsefni ársins. Í kafla 2 má finna upplýsingar um tekjur félagsins og gjöld. Í kafla 3 er að finna upplýsingar um úthlutanir fjármuna að frádregnum umsýslukostnaði. Í kafla 4 er að finna yfirlit yfir stöðu samningamála. Í kafla 5 er að finna yfirlit yfir stöðu samninga og í kafla 6 er yfirlit yfir verkefni framundan.

1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 12. maí 2022 hafa verið haldnir þrjú hefðbundnir stjórnarfundir auk aðalfundar. Tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun stjórnar en framkvæmdastjóri heldur aðildarfélögum upplýstum á milli funda.

Á árinu fór fram endurnýjun tveggja samninga við ríkið, innheimta tekna og úthlutun til aðildarsamtakanna. Litlar breytingar urðu á þeim vettvangi á milli ára og tekjur skiluðu sér allar á endanum en tafir urðu á greiðslu ríkisins vegna beggja samninga. Fjármunum var öllum úthlutað til aðildarfélaganna án tafar.

Sótt var um viðurkenningu Menningar- og viðskiptaráðuneytis á því að Fjölís sé sameiginleg umsýslustofnun með höfundarétt. Fjölís hafði forgöngu um samræmingu umboða frá aðildarfélagunum til að tryggja að ekki væri um skörun að ræða á milli félaga. Má búast við því að viðurkenning verði endanlega afgreidd frá ráðuneytinu um mitt ár 2023. Í því felast auknar kröfur til þess að réttthafar og þar með aðildarfélög Fjölís samþykki meðferð fjármuna með formlegum hætti og gefi sjálf út gagnsæisskýrslu eins og þessa. Fjölís hefur raunar gefið út skýrslu sambærilega þessari allt frá árinu 2015. Þær hafa verið gerðar aðgengilegar á vef félagsins.

Á árinu átti framkvæmdastjóri í samskiptum við systursamtök á Norðurlöndunum, einkum vegna innleiðingar evrópugerða um stafrænan innri markað í Evrópu. Stjórnarformaður sótti fund evrópudeildar Ifrro í Noregi í maí og framkvæmdastjóri sótti fund þeirra sérfræðinga norrænu samtakanna sem hafa með kannanir og úthlutanir að gera í júní. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sóttu norrænan fund höfundaréttarsamtaka í Noregi í ágúst og aðalfund Ifrro í Brussel í nóvember.

Fjölís hélt árlegan norrænan fund systursamtakanna á vormánuðum. Rúmlega 40 manns komu hingað til lands í tveggja daga fundahöld sem tókust með ágætum. Meginviðfangsefni fundarins var innleiðing evróputilskipunar um stafrænan innri markað í Evrópu.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra hefur frá árinu 2017 verið 30% vegna þess fyrirkomulags sem komið hefur verið á við samningagerð, innheimtu, úthlutanir og almennan rekstur. Skrifstofa félagsins er á Barónsstíg 5. Tekjur af samningum jukust um 5,6% milli ára. Tekjur félagsins nema nú um 404 kr. á hvern íbúa á Íslandi m.v. mannfjölda í árslok 2022.

2 TEKJUR OG GJÖLD

2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölls. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum. Innheimtar tekjur ársins 2022 voru sem hér segir;

	2022	2021
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	128.700.000	122.500.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	11.000.000	10.300.000
<i>Sveitarfélög</i>	11.037.066	9.990.345
<i>Kirkjuráð</i>	911.766	830.977
<i>Kórar</i>	2.617.181	2.775.100
<i>Erlend fjölföldun</i>	2.253.573	1.893.010
<i>Samtals tekjur vegna samninga</i>	156.519.586	148.289.432
<i>Aðrar tekjur</i>	1.585.481	0
<i>Samtals tekjur</i>	158.105.067	148.289.432
Vaxtatekjur	648.713	142.034
Gengismunur	143.752	
Vaxtagjöld	12.908	2.755
	779.559	139.279
Samtals tekjur	158.884.626	148.428.711

2.2 GJÖLD

	2022	2021
<i>Laun, launatengd gjöld, dagpeningar</i>	5.721.352	4.724.647
<i>Stjórnarlausn</i>	4.613.311	4.613.311
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	6.909.293	3.320.707
<i>Varúðarniðurfærsla krafna/afskriftir</i>	261.000	261.000
<i>Samtals rekstrarkostnaður</i>	17.504.956	12.919.665

Rekstrarkostnaður nam á árinu 2022 um 10% af heildartekjum félagsins þegar frá er talinn kostnaður við norrænan fund sem haldinn var á Íslandi í maí en norrænu félögin greiddu sinn hluta þess kostnaðar.

Sundurliðun rekstrarkostnaðar:	2022	2021
Aðildargjöld lfrro:	1.180.000	1.136.800
Húsaleiga:	480.000	480.000
Endurskoðun og reikningsskil:	1.461.743	703.607
Fundakostnaður v. norræns fundar	1.272.464	
Annar innlendir og erlendir fundakostnaður	2.043.033	495.949
Rekstur tölvukerfis/tölvubúnaður:	230.204	283.704
Þjónustugjöld, tryggingar o.fl.	<u>241.849</u>	<u>158.354</u>
Samt:	6.909.293	3.320.707



3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTHAFASAMTAKA

Yfirlit yfir úthlutanir í kafla 3 tekur mið af innheimtu og úthlutun samningstekna vegna tekna sem tilheyra samningum og notkun ársins 2022. Í því felst að munur getur verið á yfirliti í þessari skýrslu og úthlutun í endurskoðuðum ársreikningi þar sem í einstökum tilvikum getur verið um að ræða að samningar eru gerðir afturvirkir og greiðslur þar með eða ef greiðslur og þar með talin úthlutun fara fram eftir áramót. Skv. ákvörðun stjórnar heldur Fjölís eftir 12% af tekjum til að standa undir rekstrarkostnaði. Ekki er um annan frádrátt að ræða.

3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 128.700.000 kr. Skv. tillögu framkvæmdastjóra og samþykkt stjórnar var eingöngu 8% haldið eftir til að standa straum af rekstrarkostnaði. Í maí 2022 var því 97.583.985 kr. úthlutað til innlendra réttihafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 19.607.366 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 117.191.351 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	Hlutdeild mismunandi eftir skólastigum	kr.
Erlendir réttihafar		19.607.366
FÍBÚT		21.674.142
Blaðamannafélag Íslands		3.252.948
Hagþenkir		33.335.799
Myndstef		21.522.293
Rithöfundasamband Íslands		9.758.399
STEF		7.308.298
Sítón		732.106
Samtals		117.191.351

3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðsla barst vegna Stjórnarráðssamningsins skömmu eftir áramót 2022-2023 og nam 11.000.000. Úthlutun fór fram í janúar 2023.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		1.032.405
FÍBÚT	29	2.507.803
Blaðamannafélag Íslands	18	1.556.567
Hagþenkir	39	3.372.562
Myndstef	11	951.235
Rithöfundasamband Íslands	2	172.952
STEF	1	86.476
Samtals	100	9.680.000

3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 911.766 kr. á árinu 2022 og var 802.352 kr. úthlutað innanlands í desember. Greiðslur skiptust sem hér segir:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
<i>Erlendir réttihafar</i>		224.658
FÍBÚT	9,35	54.014
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	5.777
<i>Hagþenkir</i>	1	5.777
<i>Myndstef</i>	2	11.554
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	13	75.100
STEF	67,4	389.366
<i>Sítón</i>	6,25	36.106
Samtals	100	802.352

3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2021 námu 2.617.181 kr. kr. Úthlutun, 2.303.117 kr. fór fram í apríl 2022.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
<i>Erlendir réttihafar</i>		664.873
FÍBÚT	9,35	155.046
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	16.582
<i>Hagþenkir</i>	1	16.582
<i>Myndstef</i>	1	16.582
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	22	364.814
STEF	59,4	984.998
<i>Sítón</i>	6,25	103.640
Samtals	100	2.303.117

3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 11.037.066 kr. skv. rammamningi um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun, sem fram fór í ágúst nam 9.712.619kr.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		896.113
FÍBÚT	29	2.556.787
Blaðamannafélag Íslands	18	1.586.971
Hagþenkir	39	3.438.437
Myndstef	11	969.816
Rithöfundasamband Íslands	2	176.330
STEF	1	88.165
Samtals	100	9.712.619

3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 2.253.573 kr. á árinu 2022. Greiðslan, 2.132.956 kr. skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Þrjú félög, FÍBÚT, Hagþenkir og Rithöfundasambandið móttóku eining greiðslur sem bárust með upplýsingum um nafngreinda réttihafa sem eiga aðild að þeim samtökum. Aðallega er um að ræða afritun í skólum. Fjölís tekur ekki umsýslugjald vegna innheimtu þeirra tekna heldur renna þær óskertar til aðildarfélaga.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
FÍBÚT		432.299
Blaðamannafélag Íslands		30.958
Hagþenkir		1.052.585
Myndstef		207.863
Rithöfundasamband Íslands		378.292
STEF		26.536
Sítón		4.432
Samtals	100	2.132.956

3.7 HEILDARÚTHLUTUN VEGNA SAMNINGA ÁRSINS 2022

Heildarúthlutun Fjölís á innheimtum tekjum ársins 2022 nam 141.822.395 kr. eða rúmlega 90% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 119.416.980 kr. eða rúmlega 84% af heildarúthlutun. Tæp 16% af tekjum Fjölís runnu til erlendra réttihafa skv. samningum þar um. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa og aðildarfélaga:

Aðildarfélag:	2022	2021
VG WORT, DE	1.110.880	1.000.668
CopyDan, DA	1.583.259	1.304.146
Bonus Copyright Access, SE	2.808.333	2.416.039
Copyright Licensing Agency, UK	7.708.223	6.823.914
Copyright Clearance Center, USA	7.775.723	7.090.413
Kopinor	1.418.997	1.156.334
FÍBÚT	27.380.091	25.742.424
Blaðamannafélag Íslands	6.449.803	5.948.712
Hagþenkir	41.221.742	37.740.627
Myndstef	23.679.343	21.845.740
Rithöfundasamband Íslands	10.925.887	10.211.396
STEF	8.883.839	8.496.095
Sítón	876.275	832.498
Samtals	141.822.395	130.609.008



4 SAMNINGAMÁL

Ekki kom til synjunar á árinu á beiðni um leyfisveitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga.

4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var endurnýjaður 2022, til þriggja ára.

4.2 KÓRAR

Samningar við kóra og landssambönd þeirra endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur við Kirkjuráð endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.4 SVEITARFÉLÖG

Samningar við sveitarfélög endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Samningur við Stjórnarráðið var endurnýjaður 2022, til árs, eftir talsverðan eftirgang. Hann þarfnast því endurnýjunar/endurskoðunar á árinu.

5 ERLENT SAMSTARF

5.1 NORRÆNIR FUNDIR

Sameiginlegar umsýslustofnanir á Norðurlöndunum hafa haldið sameiginlegan fund árlega. Til stóð að halda þann fund í Reykjavík 2020 og 2021 en vegna kórónuveirufaraldursins var honum frestað til ársins 2022. Fundurinn var haldinn í Reykjavík þann 5. maí með þátttöku tæplega 60 manns, þ.a. 42 erlendra gesta. Megin viðfangsefni þess fundar var innleiðing DSM tilskipunarinnar um stafrænan innri markað í Evrópu, þar sem þrjú erlendir sérfræðingar frá frönskum og þýskum systursamtökum fluttu erindi og framkvæmdastjóri Ifrro einnig.

Framkvæmdastjóri sótti fund kannana- og úthlutunarsérfræðinga norrænu samtakanna í júní 2022. Fyrirhugaður er annar slíkur fundur á vormánuðum 2023 þar sem endurskoðaðar verða tölur sem Fjölís hefur notað til úthlutunar til systursamtaka erlendis. Fjölís hefur nýtt tölur frá hinum Norðurlöndunum og tekið meðaltal þeirra til að ákvarða hlutdeild erlendra systursamtaka í tekjum sem Fjölís innheimtir.

5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu aðalfund Ifrro í Brussel í nóvember 2022 og formaður sótti fund evrópudeildar samtakanna í maí.

6 VERKEFNI FRAMUNDAN

Stærsta einstaka verkefni ársins er að halda aðalfund Ífrro en á aðalfundinum í Brussel í nóvember s.l. var óskað eftir því að Fjölís héldi fundinn í Reykjavík á árinu 2023. Um er að ræða viðburð þar sem búast má við 180 erlendum gestum alls staðar að úr heiminum. Undirbúningur hófst þegar í stað. Hlutverk Fjölís sem gestgjafa er að skipuleggja viðburðinn sem haldinn verður á Natura hótelinu 2.-5. október 2023, hafa milligöngu um samningagerð við hótél og aðra þjónustuveitendur, veita gestum nauðsynlegar upplýsingar um áfangastaðinn, skipuleggja móttöku og kvöldverð og bjóða upp á innlenda fyrirlestra um höfundarétt auk þess að eiga í samstarfi við skrifstofu Ífrro um ýmis praktísk atriði s.s. vegabréfaáritun, gerð fundagagna, samskipti við innlenda birgja og aðra umsjón á staðnum. Á fundinum fara fram hefðbundin aðalfundarstörf og fundir einstakra deilda innan Ífrro, s.s. svæðisbundinna deilda og fundir einstakra flokka réttihafa. Notkun höfundaréttarvarins efnis til að knýja gervigreind verður meginviðfangsefni fundarins.

Með viðurkenningu Fjölís sem sameiginleg umsýslustofnun skv. umsýslulögum nr. 88/2019 verða gerðar auknar gagnsæiskröfur til félagsins og allra aðildarfélaganna. Helstu breytingar þar er útgáfa, samþykkt og birting gagnsæisskýrslu á grundvelli 23. gr. og trygging fyrir því að réttihafar hafi möguleika á samþykkt fyrir meðferð innheimtra fjármuna. Af því tilefni hafa samþykktir félagsins verið endurskoðaðar. Fjölís mun því birta eigin gagnsæisskýrslu áfram, eins og verið hefur, ásamt endurskoðuðum reikningum en ber, eftir að viðurkenning hlýst frá fagráðuneyti höfundaréttar, að birta gagnsæisskýrslur aðildarsamtakanna einnig.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir reikningagerð og innheimtu gjalda og samskiptum við viðskiptavinum og viðsemjendur. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf eftir þörfum, innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað og þjónusta veitt aðildarfélagum og erlendum samningsaðilum varðandi upplýsingagjöf um málefni Fjölís. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sjá um viðræður við viðsemjendur um endurnýjun samninga.

Snemma árs 2021 barst ósk frá menntamálaráðuneytinu um að Fjölís skipaði fulltrúa í nefnd sem ætlað er að gera tillögur um afritun og birtingu íslensks prentarfs á netinu. Stjórn Fjölís hefur tilnefnt framkvæmdastjóra Fjölís til þátttöku í þeirri vinnu en ekki hefur verið boðað til fundar þar enn.

Ráðuneyti menntamála hefur einnig óskað samráðs vegna innleiðingar á s.k. DSM löggjöf Evrópusambandsins um sameiginlegan stafrænan innri markað ESB og unnið er að því samstarfi.

Samstarf Norrænna samtaka er auk þess talsvert vegna sérstöðu þeirra í samanburði við sambærileg samtök í heiminum. Sú sérstaða er m.a. til komin vegna löggjafar sem inniheldur heimildir til samningskvaðaleyfa (e. ECL). Samstarf er einnig talsvert vegna innleiðingar á löggjöf Evrópusambandsins og samræmingar á ákvæðum norrænna höfundalaga.


Unnið er að umsókn um viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á Fjölís sem sameiginlegri umsýslustofnun skv. höfundalögum sbr. reglugerð 821/2021. Búist er við því að viðurkenning verði afgreidd úr ráðuneytinu á vormánuðum 2023.

Stefnt er að því að sækja fund evrópudeildar Ífrro í Stokkhólmi í maí. Þá hefur framkvæmdastjóri þegar átt fund með framkvæmdastjórum norrænu samtakanna og mun framkvæmdastjóri sitja s.k. tölfræðifund með norrænum systursamtökum í Helsinki í júní til að

yfirfara viðmið sem notuð eru til að ákvarða hlutdeild erlendra réttihafa í tekjum Fjölís. Þau hafa verið óbreytt síðan 2016.

Rekstur Fjölís hefur verið í mjög góðu horfi undanfarin ár þar sem innheimtar tekjur hafa stöðugt aukist. Rekstrarkostnaður samtakanna hefur dregist verulega saman vegna þess fyrirkomulags sem komið hefur verið á sem leitt hefur til þess að úthlutanir til aðildarféлага hafa aukist. Rekstrarkostnaður jókst þó á milli árunna 2021-2022, einkum vegna ferðakostnaðar á fundi sem féllu niður á meðan á heimsfaraldri stóð, vegna breytinga á bókhaldsumsýslu og vegna verðlagshækkana.

Mái 2023



Halldór Þ. Birgisson
formaður



Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri